

**BRÁÐABIRGÐALÖG****109**

23. sept.

**um viðauka við lög nr. 26, 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að við framkvæmd alþýðutryggingalaganna hafi komið berlega í ljós, að nokkuð af fólki á aldrinum 60—67 ára, sem undanfarið hefir notið ellistyrks, komi nú ekki til greina við úthlutun ellistyrks né örorkubóta, þar sem starfsorka þess sé ekki rýrnuð um meira en 50%, en að þetta fari í bága við þá tilætlun Alþingis, er alþýðutryggingalögin voru samin, að gamalmennum yrði tryggð meiri hlunnindi en áður, og hvergi yrðu skert áður fengin hlunnindi, og þurfi því að laga þetta, áður en komi til úthlutunar styrks í haust. Teljum Vér með skírskotun til framanritaðs brýna þörf að setja bráðabirgðalög, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, þessu til lagfæringar.

Því bjóðum Vér og skipum:

## 1. gr.

Aftan við 2. mgr. 81. gr. laganna bætist: Enn fremur fólk yngra en 67 ára, sem áður hefir notið ellistyrks samkvæmt lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört í Sorgenfrihöll, 23. september 1936.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*